

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

Nr. 95.

23. desember 1969.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1963,
um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólft flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjóra flokka hlutamiða, E, F, G og H flokk, sem tengjast við númer þau, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 23. apríl 1969.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.